



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið



2020–2030

# Kvikmyndastefna til ársins 2030



# Listgrein á tímamótum



Stjórnarráð Íslands  
Mennta- og menningarmálaráðuneytið

„Sæll. Eigum við að ræða þetta eitthvað?“

(Næturvaktin, 2007. Leikstjórn: Ragnar Bragason. Handrit: Jóhann Ævar Grímsson, Jón Gnarr, Jörundur Ragnarsson, Pétur Jóhann Sigfússon, Ragnar Bragason)

„Við erum blóm, hvert með sinn lit. Blóm í beði drottins“

(Gullregn, 2020. Handrit og leikstjórn: Ragnar Bragason)

„Þetta er allt í lagi, ég veit þú ert á ímyndunarfylleri, ég tók strax eftir því. Þú ert samt helvíti góð.“

(Stelpurnar, 2005. Leikstjórn: Ragnar Bragason, Óskar Jónasson. Handrit: Sigurjón Kjartansson, Margrét Örnólfsdóttir)

„Það er nú það.“

(Síðasta haustið, 2019. Leikstjórn: Yrsa Roca Fannberg. Handrit: Yrsa Roca Fannberg og Elín Agla Briem)

## Kvikmyndastefna til ársins 2030





Salóme R. Gunnarsdóttir. Blaðberinn (Ninna Rún Pálmadóttir, 2019).

“Saman erum við ómótstæðileg og saman erum við sterk.”

(Svona fólk, 2019. Leikstjórn: Hrafnhildur Gunnarsdóttir. Handrit: Hrafnhildur Gunnarsdóttir og Halla Kristín Einarsdóttir)



Björn Thors og Bríet Sóley Valgeirsdóttir. Selshamurinn (Ugla Hauksdóttir, 2020).

# Efnisyfirlit

<b>Inngangur</b>	7
<b>Íslensk kvikmyndagerð – listgrein á tímamótum</b>	12
<b>Markmið I. Auðug kvikmyndamenning</b>	13–22
Aðgerð 1. Sterkara sjóðakerfi sem styður við fjölbreyttari kvikmyndaverk	15
a. Kvikmyndasjóður efldur.	15
b. Nýr fjárfestingarsjóður sjónvarpsefnis.	15
Aðgerð 2. Öflugra og samstilltara stuðningskerfi styður við vöxt greinarinnar	17
a. Kvikmyndamiðstöð Íslands fær veigameira hlutverk.	17
b. Kvikmyndaráð á breiðari grunni – reglubundið samráð atvinnulífs og stjórnvalda.	18
c. Kvikmyndasafn Íslands hlúi að varðveislu og nútímalegri miðlun kvikmyndaarfsins.	18
Aðgerð 3. Kvikmyndavefur efldur og búið í haginn fyrir þróun íslenskrar streymisveitu	22
Aðgerð 4. Stuðningur við sjálfsprottin verkefni	22
<b>Markmið II. Fjölbreyttari og metnaðarfull kvikmyndamenntun</b>	23–26
Aðgerð 5. Aukið framboð á námi í kvikmyndagerð og mynd- og miðlalæsi á öllum skólastigum	25
a. Gott mynd- og miðlalæsi eflir gagnrýna hugsun og sköpunarkraft.	25
b. Sérhæft og sveigjanlegt nám á framhaldsskólastigi.	25
c. Kvikmyndanám á háskólastigi.	25
<b>Markmið III. Sterkari samkeppnisstaða – betra starfsumhverfi</b>	27–32
Aðgerð 6. Samkeppnishæft endurgreiðslukerfi og skattaávilnanir	29
a. Samkeppnishæft endurgreiðslukerfi.	29
b. Skattaávilnanir sem nýtast kvikmyndagerð.	30
Aðgerð 7. Þróun kvikmyndaklasa	30
Aðgerð 8. Hagvísar og mælaborð	30
Aðgerð 9. Sterkt og sveigjanlegt starfsumhverfi	32
a. Fjölskylduvæn kvikmyndagerð.	32
b. Sjálfbær kvikmyndagerð styður við orðspor og samkeppnishæfni.	32
c. Starfslaun höfunda kvikmyndaverka.	32
<b>Markmið IV. Þekkt alþjóðlegt vörumerki</b>	33–38
Aðgerð 10. Markviss alþjóðleg kynning byggir á sagnahefð, sjálfbærri kvikmyndagerð og heils árs tókustað	37
a. Markvisst alþjóðleg kynningarstarf.	37
b. Þróun kynningar á heils árs tókustaðnum byggir á sjálfbærni.	37

# Inngangur

Vorið 2019 skipaði Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, verkefnahóp með fulltrúum stjórnvalda og atvinnulífs til að móta heildstæða stefnu fyrir kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu á Íslandi, sem gilda á til ársins 2030. Markmið stefnunnar er að íslensk kvikmyndagerð megi blómstra og dafna á komandi áratug. Henni er ætlað að styrkja íslenska menningu og tungu og sjálfsmynd þjóðarinnar, efla atvinnulífið og stuðla að sterku orðspori Íslands. Verkefnahópnum var falið að semja aðgerðaáætlun á grunni stefnunnar sem næði yfir kvikmyndamenningu, kvikmyndamenntun, þróun og framleiðslu kvikmyndaefnis og alþjóðlega kynningu, meðal annars á Íslandi sem tókustað. Þess var óskað að hópurinn skoðaði sérstaklega stofnana- og stuðningskerfi kvikmyndagerðar með tilliti til einföldunar og eflingar, en jafnframt hvernig kvikmyndagerð gæti stutt við markmið Íslands á sviði sjálfbærni.

Í takt við róttækar breytingar á samfélögum heimsins, sem gjarna eru kenndar við fjórðu iðnbyltinguna, er kallað eftir því að fjölbreyttari stöðum verði skotið undir íslenskt atvinnulíf með áherslu á greinar sem byggjast á hugviti, hátækni, sköpun og sjálfbærum lausnum. Ekki fer milli mála að kvikmyndagerð fellur að öllu leyti að þessari skilgreiningu, enda er hún ört vaxandi list- og iðngrein sem hefur alla burði til að styðja við verðmætasköpun og samkeppnishæfni þjóðarbúsins á næstu árum og áratugum. Þannig kallast kvikmyndastefnan á við markmið stjórnvalda um að efla skapandi atvinnugreinar.

Kvikmyndagerð hefur verið áberandi í íslensku menningar- og atvinnulífi undanfarinn áratug og velta greinarinnar hefur þrefaldast á þeim tíma. Lög og reglugerðir hafa ekki að geyma skýr ákvæði um hlutverkið sem kvikmyndagerð er ætlað að gegna í menningarlegu, samfélagslegu og efnahagslegu tilliti og með hvaða hætti hið opinbera hyggst styðja við frekari framþróun og vöxt greinarinnar. Það er ekki síst í þessu ljósi sem stjórnvöld ákváðu, að tillögu og undir forystu mennta- og menningarmálaráðherra, að ráðast í fyrstu heildstæðu stefnumótunina á sviði kvikmyndamála. Sú ákvörðun er til marks um skilning og viðurkenningu stjórnvalda á vaxandi hlutverki menningar, lista og skapandi greina á Íslandi.

Framkvæmdin var þríþætt. Í fyrsta lagi lagði hópurinn áherslu á að hlusta. Margir helstu hagaðilar í kvikmyndagerð tóku með beinum hætti þátt í verkefnahópnum. Fundað var með miklum fjölda aðila og send út samráðskönnun til um 500 manns. Um helmingur þeirra svaraði og bærust góðar ábendingar og hugmyndir sem styrktu stefnumótunina. Verkefnahópurinn átti reglulega fundi með mennta- og menningarmálaráðherra sem og sérfræðingum stjórnsýslu og stofnana á sviði kvikmyndamála. Í öðru lagi var ráðist í greiningu. Farið var yfir löggjöf, stefnur, skýrslur og fræðilegt efni, innlent og erlent. Meðal annars var horft til stefnu og aðgerðaáætlana á sviði menningar- og menntamála, fjórðu iðnbyltingarinnar, nýsköpunar og markaðssetningar Íslands erlendis. Sérstök áhersla var lögð á að greina efnahagslegt umfang kvikmyndagerðar og í stefnuskjali er stuðst við nýja tölfræðiúttekt sem Hagstofa Íslands vann. Í þriðja lagi var ályktað og grunnur lagður að stefnuskjali. Fjögur markmið voru skilgreind og undir þeim tíu aðgerðir sem eiga að tryggja markvissa


framvindu og fjármögnun framtíðarsýnar Íslands á sviði kvikmyndamála til næstu tíu ára. Stefnunni fylgja viðaukar með gögnum úr stefnumótunarvinnunni sem aðgengilegir eru á [www.mrn.is/kvikmyndastefna](http://www.mrn.is/kvikmyndastefna)

## „Þetta fer að rúlla núna.“

(Íslenski draumurinn, 2000. Handrit og leikstjórn: Róbert Douglas)



Hera Hilmarsdóttir. Vonarstræti (Baldvin Z, 2014).



—  
**„Þetta var bara lítið  
svefnþorp. Hvað gerðist  
eiginlega?“**

(Ófærð 1, 2015. Leikstjórn: Baltasar Kormákur, Börkur Sigbórsson, Baldvin Z, Óskar Þór Axelsson. Handrit: Sigurjón Kjartansson, Clive Bradley, Ólafur Eglisson, Jóhann Ævar Grímsson)

# Íslensk kvikmyndagerð – listgrein á tímamótum

Sú ríka þörf Íslendinga um aldir að segja sögur hefur orðið kveikjan að hundruðum kvikmyndaverka sem mörg eiga stóran sess í hjörtum okkar. Fyrir elju, einurð og sterka sýn þeirra sem starfað hafa að kvikmyndagerð er nú í mótun burðug list- og atvinnugrein sem stenst fyllilega alþjóðlegan sam- anburð. Kvikmyndagerð á Íslandi stendur nú á ákveðnum tímamótum. Sífelld fleiri kvikmyndaverk spretta úr íslenskum veruleika og fanga athygli kvikmyndaunn- enda ekki bara hér heima heldur um allan heim. Árangurinn lætur ekki á sér standa og birtist í stöðugt aukinni eftirspurn eftir þátt- töku íslenskra verka í alþjóðlegum hátíðum og fjölda tilnefninga til alþjóðlegra verðlauna.

Sem atvinnugrein stendur kvikmyndagerð traustum fótum. Ársveltan hefur þrefaldast á einum áratug, Vel á fjórða þúsund starfa við kvikmyndagerð og fjöldi fyrirtækja í greininni hefur tvöfaldast undanfarin fimm ár. Sífelld fleira ungt fólk vill starfa við skap- andi hugvitsgreinar, eins og kvikmynda- gerðina, sem eru í eðli sínu greinar framtíðar, alþjóðlegar og sjálfbærar í senn. Þá eru kvikmyndir mikilvægur þáttur í alþjóðlegri markaðssetningu Íslands sem lands lista og skapandi greina og í að laða erlenda ferða- menn til landsins. Af þessu má álykta að með aukinni fjárfestingu muni greinin geta skilað þjóðarbúinu talsvert meiri verð- mætum en hún gerir nú.

Tryggja þarf íslenskri kvikmyndagerð bestu mögulegu aðstæður til að vaxa og dafna. Með kvikmyndastefnu er vörðuð raunsæ en metnaðarfull braut til ársins 2030. Sett eru fram fjögur markmið og tíu aðgerðir sem miðast við að treysta stöðir greinarinnar með ýmsum hætti. Stefnan kallar annars

vegar á fjölbreyttan stuðning við listsköpun- ina, kvikmyndamenningu, kvikmynda- menntun og mynd- og miðlalæsi. Hins vegar kallar stefnan eftir markvissum skrefum til þess að styrkja innviði kvikmyndagerðar enn frekar með samkeppnishæfum fyrirtækjum, framúrskarandi starfsumhverfi og sjálf- bærum gildum. Aukin velgengni greinarinnar kallar á öflugra stuðningskerfi allt frá varð- veislu og nútímalegri miðlun menningararfs- ins til tengslamyndunar á alþjóðavettvangi, kynningar og útflutnings. Aukið samráð innan kvikmyndagerðarinnar og milli hennar og stjórnvalda mun tryggja árangursríka framkvæmd stefnunnar landi og þjóð til heilla.



Lilja D. Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.



Theódór Júlíusson. Hrútar (Grímur Hákonarson, 2015).

## „Passaðu þrýstinginn maður!“

(Stella í orlofi, 1986. Leikstjórn: Þórhildur Þorleifsdóttir. Handrit: Guðný Halldórsdóttir)



Steina og Woody Vasulka. Vasulka-áhrifin (Hrafnhildur Gunnarsdóttir, 2019).

# Markmið I. Auðug kvikmyndamenning

Að stuðla að fjölbreyttri kvikmyndamenningu sem styrkir sjálfsmynd þjóðarinnar og eflir íslenska tungu.

Kvikmyndagerð hefur gríðarlega mikilvægu menningarlegu og samfélagslegu hlutverki að gegna. Hún á greiðari aðgang að almenningi en flestar aðrar listgreinar og skiptir þannig höfuðmáli í allri viðleitni til að efla og varðveita tungumálið, spegla samtímann og gera sögu og menningararfi skil. Í henni sameinast kraftar margra ólíkra listgreina: frásagnarlistar, leiklistar, tónlistar, myndlistar, klippingar og hönnunar, auk sérhæfðar tæknivinnslu sem fellir allt þetta saman í heilsteypt verk. Alþjóðleg þróun á sviði kvikmyndagerðar einkennist af örum breytingum sem fylgjast þarf náið með. Í því felast bæði tækifæri og áskoranir.

Auðug kvikmyndamenning verður til með samverkan margra þátta. Þar má nefna fjölbreytta kvikmyndaframleiðslu og lífandi kvikmyndamarkaði, aðsókn að kvikmyndahúsum, kvikmyndaáhuga og áhorf, öflugar sjónvarpsstöðvar, kvikmyndamenntun og umræðu um kvikmyndir, miðlun á kvikmyndatengdu efni, kvikmyndahátíðir og alþjóðlegt samstarf og tengslanet. Kvikmyndastefna kallar eftir því að hlúð verði betur að öllu þessu en áður hefur verið gert. Sveigjanlegt og kraftmikið stuðningskerfi sem ýtir undir jákvæða þróun íslenskra kvikmyndamála þarf að vera forgangsverkefni. Gert er ráð fyrir óbreyttu stofnanakerfi en um leið er áhersla lögð á aukna samlegð og samstarf þar sem opinberar fjárfestingar eru nýttar enn betur en áður.

Í þessu samhengi skipta lykilmáli vönduð vinnubrögð allra sem starfa að kvikmyndagerð með einhverjum hætti, hvort sem það eru opinberar stofnanir, félög eða fyrirtæki. Síðast en ekki síst kallar stefnan á lífandi samtal um árangursríka framkvæmd og eftirfylgni hennar.

Alþjóðlegt samstarf er mikilvæg forsenda blómstrandi kvikmyndamenningar, en miklar sviptingar eiga sér nú stað á því sviði. Sífelld fleiri sækjast eftir vönduðu staðbundnu efni og með nýjum efnisveitum og miðlum eru komnar fram nýjar aðferðir til að koma kvikmynduðu efni á framfæri. Þróa þarf stuðningskerfið þannig að tækifærin sem skapast með þessu nýtist sem best. Leggja þarf áherslu á aukna samhæfingu ólíkra sviða, svo sem kvikmynda og sjónvarpsefnis, í ljósi þessara breytinga. Góður árangur er þó ekki síst háður framleiðslu á staðbundnu efni sem sprettur úr íslenskum veruleika og menningu.

Kraftmikil kvikmyndamenning eflir sjálfsmynd þjóðarinnar, styrkir íslenska tungu og auðgar menningu og atvinnulíf. Kvikmyndagerð er spennandi starfsvettvangur sem hefur

mikið aðdráttarafl, ekki síst fyrir ungt, hæfileikaríkt fólk. Íslensk kvikmyndagerð á einnig stóran þátt í jákvæðri ímynd landsins út á við og hefur vakið áhuga og eftirtekt umheimsins. Á næstu áratugum verða mestu verðmætin sköpuð með framleiðslu hugverka sem eiga rætur í sérstæðri menningu hverrar þjóðar. Til að eiga möguleika á að standa jafnfætis því besta og áhugaverðasta sem til verður í heiminum þarf því að búa íslenskri kvikmyndagerð góð vaxtarskilyrði.

„Það sem ég hef gert trúi ég af öllu hjarta að sé rétt.“

(Kona fer í stríð, 2018. Leikstjórn: Benedikt Erlingsson. Handrit: Benedikt Erlingsson, Ólafur Egill Egilsson)



Halldóra Geirharðsdóttir. Kona fer í stríð (Benedikt Erlingsson, 2018).

## Aðgerð 1. Sterkara sjóðakerfi sem styður við fjölbreyttari kvikmyndaverk

### a. Kvikmyndasjóður efldur

Fjárframlag til sjóðsins hækki með áherslu á stuðning við handritsgerð og fjölbreytni í þróun og framleiðslu kvikmyndaðs efnis svo sem stutt- og heimildamynda, listrænna og sögulegra kvikmynda og kvikmyndaðs efnis fyrir börn og unglínga. Úthlutunarrámmi Kvikmyndasjóðs verði skilgreindur árið 2020 og úthlutað á grundvelli nýrra viðmiða frá vorinu 2021.

**Ábyrgð:** Mennta og menningarmálaráðuneyti og Kvikmyndamiðstöð Íslands.

**Tímaáætlun:** Vorið 2021.

### b. Nýr fjárfestingarsjóður sjónvarpsefnis

Fjárfestingarsjóður er ný leið í sjóðakerfi menningar og skapandi greina á Íslandi og kemur til móts við nýja tíma sem einkennast af hröðu þróunar- og fjármögnunarferli verkefna. Sjóðurinn verður rekinn að fyrirmynd Norræna kvikmynda- og sjónvarpssjóðsins og honum er ætlað að yta undir framleiðslu, sölu og dreifingu leikinna sjónvarpsþáttaða. Aður af endurgreiðslum verður nýttur til frekari fjárfestinga á þessu sviði. Gert er ráð fyrir að sjóðurinn fjárfesti í allt að þremur þáttaröðum á ári fyrst um sinn, en í náninni framtíð gæti framleiðslugetan orðið allt að tíu til tólf þáttaraðir á ári.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Kvikmyndamiðstöð Íslands.

**Tímaáætlun:** Vorið 2021.

„Við stöndum þétt saman og snúum bökkum saman.“

(Með allt á hreinu, 1982. Leikstjórn: Ágúst Guðmundsson. Handrit: Ágúst Guðmundsson, Eggert Þorleifsson, Stuðmenn)



# Velta

KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPS-  
FRAMLEIÐSLA M ISK ISAT 59.11 & 60

# 27,2

## milljarða ársvelta


meðaltal ISAT 59.11 og 60 2014-2019



# 15,1

## milljarðs útflutningur

ISAT 59 og 60 2014-2018



### FJÖLDI SKRÁÐRA FYRIRTÆKJA OG FÉLAGA

	2014	2015	2016	2017	2018	2019
59.11.0 Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni	564	601	656	660	649	654
59.12.0 Eftirvinnsla kvikmynda, myndbanda og sjónvarpsefnis	12	12	12	13	14	16
59.13.0 Dreifing á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni	9	9	10	9	10	10
59.14.0 Kvikmyndasýningar	22	21	22	21	22	22

Heimild: Hagstofa Íslands



## Aðgerð 2. Öflugra og samstilltara stuðningskerfi styður við vöxt greinarinnar

### a. Kvikmyndamiðstöð Íslands fær veigameira hlutverk

Lagt er til að Kvikmyndamiðstöð Íslands verði hjarta stuðningskerfis kvikmyndamála á Íslandi. Miðstöðin gegnir þegar kjölfestuhlutverki en lagt er til að það hlutverk verði styrkt í takt við velgengi og fyrirsjáanlegan vöxt kvikmyndagerðar. Kallað er eftir sambýli miðstöðvarinnar með sjálfsprottum verkefnum á borð við menningarleg kvikmyndahús og kvikmyndahátíðir, með það fyrir augum að auka samlegðaráhrif og árangur á öllum sviðum. Viðtækara hlutverk miðstöðvarinnar verður m.a. fólgið í eftirtöldum þáttum:

- umsýslu nýs fjárfestingarsjóðs sjónvarpsþáttaraða,
- auknu samstarfi og umsýslu fjárframlaga til sjálfstæðra verkefna,
- auknu aðgengi að kvikmyndaarfi og öðru efni í samstarfi við aðrar stofnanir,
- öflugra kynningarstarfi erlendis og markvissri þróun þess í takt við hraðar breytingar í miðlun og dreifingu.

Einnig er lagt til að miðstöðinni verði falið að stuðla að ráðstefnuhaldi fyrir fagfólk og almennri umræðu í þjóðfélaginu. Kvikmyndauppeldi verði sinnt með því að vinna að auknu mynd- og miðlalæsi og þróa námsefni fyrir öll skólastig, að erlendri fyrirmynd, í samstarfi við hlutaðeigandi menntastofnanir. Lagt er til að Kvikmyndamiðstöð Íslands taki þátt í þróun mælaborðs sem miðli talnaefni um kvikmyndagerð í samstarfi við Hagstofu Íslands og atvinnugreinina. Þá sinni miðstöðin reglubundnu samráði við hagaðila og ráðuneyti um framkvæmd stefnunnar og komi að undirbúningi árlegs samráðsfundar kvikmyndaáráðs og ráðherra. Aukið fjárframlag komi til vegna breytinga á skipulagi og umfangsmeira hlutverks, auk þess sem fé fylgi framkvæmd nýrra og fjölbreyttra verkefna.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Kvikmyndamiðstöð Íslands.

**Tímaáætlun:** Vorið 2021.



Edda Björgvinsdóttir. Undir trénu (Hafsteinn Gunnar Sigurðsson, 2017).

### b. Kvikmyndaáráð á breiðari grunni – reglubundið samráð atvinnulífs og stjórnvalda

Lagt er til að fleiri fagfélög, sem og hagaðilar á borð við sjónvarpsstöðvar, fái aðild að kvikmyndaáráði til þess að gera því kleift að tryggja betur viðtækt og lífandi samráð innan greinarinnar og við stjórnvöld. Gert er ráð fyrir að kvikmyndaáráð haldi ár hvert a.m.k. einn samráðsfund með mennta- og menningarmálaráðherra þar sem farið verði yfir framkvæmd og eftirfylgni kvikmyndastefnu og rætt um málefni sem ber hátt á sviði kvikmyndamála.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti, kvikmyndaáráð og Kvikmyndamiðstöð Íslands.

**Tímaáætlun:** Vorið 2021.

### c. Kvikmyndasafn Íslands hlúi að varðveislu og nútímalegri miðlun kvikmyndaarfsins.

Lagt er til að Kvikmyndasafni Íslands verði gert kleift að sinna betur lögbundnu hlutverki sínu allt frá varðveislu og miðlun kvikmyndaarfsins til fræðslu og sýningahalds fyrir almenn- ing. Nýjum gagnagrunni verði komið upp með sérstöku átaki, og hugað að uppfærslu kerfa sem snúa að stafrænni varðveislu kvikmyndaarfsins og höfundarverka og miðlun þeirra. Þá þarf að gæta að því að sem nánast samstarf verði milli safnsins og Kvikmyndamiðstöðvar Íslands, m.a. um gagnagrunna. Með því móti er talið að mun auðveldara verði að ná fram góðri samhæfingu milli þessara stofnana og einfalda alla starfsferla.

**Ábyrgð:** Kvikmyndasafn Íslands í samstarfi við Kvikmyndamiðstöð Íslands, kvikmyndaframleiðendur og hugsanlega aðra aðila.

**Tímaáætlun:** Vorið 2021.



Réttisælis: Egill Ólafsson og Tinna Gunnlaugsdóttir. Með allt á hreinu (Ágúst Guðmundsson, 1982); Gunnar Eyólfsson og Kristbjörg Kjeld. 79 af stöðunni (Eric Balling, 1962); Helga Jónsdóttir. Á hjara veraldar (Kristín Jóhannsdóttir, 1983); Þröstur Leó Gunnarsson og Bergþóra Aradóttir. Tár úr steini (Hilmar Oddsson, 1995).

„Veistu hver þú ert?  
-Hver ég er? Já.  
-Hver ertu?  
-Ingimundur.  
-Lýstu þér nánar.  
-Ég er maður.“

(Hvítur, hvítur dagur, 2019. Handrit og leikstjórn: Hlynur Pálmason)

„Ég er bara að fara að giftast þessum manni vegna þess að ég elska hann en ekki til að éta einhverja fokking rabbarbarasultu!“

(Brúðguminn, 2008. Leikstjórn: Baltasar Kormákur. Handrit: Ólafur Egill Egilsson, Baltasar Kormákur)



Hilmir Snær Guðnason. Brúðguminn (Baltasar Kormákur, 2008).

### Aðgerð 3. Kvikmyndavefur efldur og búið í haginn fyrir þróun íslenskrar streymisveitu

Lögð er áhersla á að auka aðgengi og miðla með notendavænni hætti upplýsingum um öll íslensk kvikmyndaverk. Góður grunnur að þessu er kvikmyndavefurinn.is, sem Kvikmyndamiðstöð Íslands starfrækir, en æskilegt er að efla þann vef umtalsvert og bæta aðgengi almennings að gömlu og nýju efni. Vegna örra tækniframfara eykst aðgangur að alls kyns myndrænu efni stöðugt og neysluvenjur almennings breytast, og því er eðlilegt að horfa til eigin streymisveitu á íslensku myndefni í framtíðinni. Líklegt er að höfundaréttarmál verði einfölduð og nánar skilgreind á alþjóðlegum vettvangi og að reglur um dreifingu á öllu slíku efni verði samhæfðar áður en langt um líður, en það myndi auðvelda mjög uppbyggingu slíkrar streymisveitu. Tryggja þarf fjármagn til verkefnisins og endurskoða áætlanir um kostnað þegar tillögur liggja fyrir.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Kvikmyndamiðstöð Íslands og Kvikmyndasafn Íslands.

**Tímaáætlun:** Vorið 2021.

### Aðgerð 4. Stuðningur við sjálfsprottin verkefni á borð við kvikmyndahátíðir og menningarleg kvikmyndahús.

Kvikmyndamiðstöð hlúi að rekstri listrænna kvikmyndahúsa, kvikmyndahátíða og stoðgreina kvikmyndamenningar með samstarfssamningum og styrkjum. Horft verði til samninga sem byggja á samstarfi sveitarfélaga eða landshluta við þær hátíðir sem sækja um styrk.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti og Kvikmyndamiðstöð Íslands í samstarfi við sjálfsprottin verkefni.

**Tímaáætlun:** Vorið 2021.



Didda Jónsdóttir. Skrapp út (Sólveig Anspach, 2008).

## Markmið II. Fjölbreyttari og metnaðar- full kvikmyndamenntun

Að efla mynd- og miðlalæsi á öllum skólastigum og setja á fót kvikmyndanáms á háskólastigi.

Við lifum á tímum snjallsíma, streymisveitna og annarra sjónrænna miðla sem sjá okkur fyrir stöðugu flæði myndmáls frá morgni til kvölds. Framboð og aðgengi að kvikmynda- og afþreyingarefni hefur aldrei verið meira og ekkert bendir til að lát verði á þeirri þróun. Íslenskt kvikmyndaefni á í beinni og harðri samkeppni við alþjóðlegt afþreyingarefni um athygli barna og ungmenna og því er mikilvægt að huga markvisst að kvikmyndauppeldi til að tryggja að íslenskt efni hafi jafnmikið aðdráttarafl og sé jafnsjálfsagður valkostur og erlent efni.

Einn þáttur kvikmyndastefnu er að áttak verði gert í að efla mynd- og miðlalæsi barna og unglunga. Hefja þarf markvissa þróun fjölbreyttra og aðgengilegra námsgagna sem nýtast til að auka skilning og styrkja gagnrýna hugsun jafnt í námi sem heima fyrir. Hér má líta til nágrannaþjóða okkar sem hafa náð eftirtektarverðum árangri með nútímalegri nálgun, þar sem m.a. tölvuleikir og smáforrit hafa verið sérstaklega hönnuð í þessum tilgangi.

Líður í því að efla íslenska kvikmyndagerð og auka alþjóðlegt orðspor landsins á því sviði er að bjóða fram fjölbreytt og metnaðarfullt nám í kvikmyndagerð innanlands. Kvikmyndastefna dregur fram mikilvægi þess að veita gott kvikmyndauppeldi á öllum skólastigum. Áríðandi er að auka námsframboð í kvikmyndagerð á framhaldsskólastigi með áherslu á að þroska skapandi hugsun, fagmennsku, hugrekki og sjálfstæði nemenda og efla meðvitund þeirra um ábyrgð á eigin námi og framtíð. Vandað og sérhæft kvikmyndanáms í íslenskum framhaldsskólum, þar sem námsframboð í hagnýtum og listrænum greinum er fjölbreytt, býr ungt fólk undir frekara nám á þessu sviði og skapar tækifæri til starfa í þeirri vaxandi grein sem íslensk kvikmyndagerð er.

Aðkallandi er að koma á vönduðu og metnaðarfullu kvikmyndanámi á háskólastigi svo að kvikmyndagerð standi öðrum listgreinum jafnfætis að þessu leyti. Slíkt nám mun efla listrænt sjálfstæði íslenskrar kvikmyndagerðar, auka faglega umræðu og stuðla að nýliðun. Öflugt fræðasamfélag á háskólastigi styrkir fræðimennsku og rannsóknir í greininni og eykur hlutdeild kvikmynda í listasögu og menningararfi.



Ragnhildur Gísladóttir. Ungfrúin góða og húsið (Guðný Halldórsdóttir, 1999).

„Ég er með fimm háskólagráður.“

(Næturvaktin, 2007. Leikstjórn: Ragnar Bragason. Handrit: Jóhann Ævar Grímsson, Jón Gnarr, Jörundur Ragnarsson, Pétur Jóhann Sigfússon, Ragnar Bragason)



Jón Gnarr. Bjarnfreðarson (Ragnar Bragason, 2009).

## Aðgerð 5. Aukið framboð á námi í kvikmynda-gerð og mynd- og miðlalæsi á öllum skólastigum

### a. Gott mynd- og miðlalæsi eflir gagnrýna hugsun og sköpunarkraft

Þróuð verði stafræn námsgögn, að erlendri fyrirmynd, til að efla myndlæsi og myndmál á öllum skólastigum. Kostnaður felst í þýðingu og staðfærslu á námsgögnum og forritum sem nýtt eru í kennslu og fræðsluskyni.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Kvikmyndamiðstöð Ísland, Menntamálastofnun og leik-, grunn- og framhaldsskólar.

**Tímaáætlun:** Árið 2021.

### b. Sérhæft og sveigjanlegt nám á framhaldsskólastigi

Boðið verði upp á áfanga í kvikmyndagerð í sem flestum framhaldsskólum, kynning á kvikmyndaáföngum og námskeiðum verði eflað innan skólanna og tryggt að áfangar verði metnir milli skóla.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti, Menntamálastofnun og framhaldsskólar.

**Tímaáætlun:** Árið 2021.

### c. Kvikmyndanám á háskólastigi

Mikilvægur liður í því að auka veg kvikmyndagerðar á Íslandi er að koma upp háskólanámi á því sviði, til jafns við það sem er í boði á öðrum sviðum lista, eins fljótt og auðið er. Lagt er til að hafinn verði undirbúningur að kvikmyndanámi á BA-stigi með möguleika á að þróa námið upp á meistarastig.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

**Tímaáætlun:** Haustið 2021.




Lóí - þú flýgur aldrei einn (Árni Ólafur Ásgeirsson, 2018).

# Vinnuafli

KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSGREININ


## ALLS STARFANDI ISAT 59 & 60



**1.806**  
starfandi á mánuði

meðaltal ISAT 59 og 60 2014-2019


## STARFANDI Í AÐALSTARFI ISAT 59 & 60



**1.189**  
launþegar


meðaltal ISAT 59 og 60 2014-2019

## STARFANDI Í AUKASTARFI ISAT 59 & 60



Í skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands frá 2006 er starfamargfeldari fyrir kvikmyndagerð áætlaður 2,9. Fyrir hvert starf í kvikmyndagerð myndast því 1,9 starf annars staðar. Að þessu gefnu má áætla að kvikmyndagerðin skapi 3.431 starf sé miðað við meðaltal árána 2014-2019.

## HLUTFÖLL LAUNÞEGAR / SJÁLFSTÆTT STARFANDI



**618**  
sjálfstætt starfandi

meðaltal ISAT 59 og 60 2014-2019

**Fjöldi starfandi:** Ársmeðaltal af fjölda starfandi í hverjum mánuði samkvæmt staðgreiðsluskrá.  
**Fjöldi einstaklinga:** Samtala fyrir alla þá sem hafa tekið úr atvinnugreinum kvikmynda í að minnsta kosti einn mánuð á tilteknu ári, samkvæmt staðgreiðsluskrá.  
**VMR:** Ársmeðaltal af fjölda starfandi í atvinnugreinum kvikmynda samkvæmt Vinnu- og atvinnuáætlun Hagstofu Íslands.

## Markmið III. Sterkari samkeppnisstaða – betra starfsumhverfi

Að samkeppnishæfni og þróun íslenskrar kvikmyndagerðar hvíli á grunni listrænnar sköpunar, hugvits, tækni og sjálfbærni.

Kvikmyndagerð er arðbær, umhverfisvæn og hugvitsdrifin atvinnugrein sem fellur vel að áherslum stjórnvalda um uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar á Íslandi.

Kvikmyndastefna kallar eftir því að hlúð verði enn betur að mikilvægum þáttum sem styðja við uppbyggingu á sterku, sveigjanlegu og fjölskylduvænu starfsumhverfi og samkeppnishæfni kvikmyndagerð sem hefur sjálfbærni að leiðarljósi. Kvikmyndagerð skilar nú þegar umtalsverðum menningarlegum og efnahagslegum verðmætum til samfélagsins. Velta greinarinnar er að meðaltali 27 milljarðar á ári og hún er uppspretta atvinnu nokkurra þúsunda Íslendinga. Vaxtartækifæri eru mikil og forsvarsmenn greinarinnar telja að umsvif hennar gætu allt að fimmfaldast á næstu þremur til fimm árum. Útflutningstekjur voru um 15 milljarðar króna samtals á árunum frá 2014 til 2018, að ótöldum tekjum af afleiddum störfum í ferðaþjónustu og öðrum greinum.

Traustir innviðir og öflugir hvatar skipta sköpum um þróun greinarinnar á næstu árum. Áframhaldandi stuðningur stjórnvalda við kvikmyndagerð gegnum öflugt sjóðakerfi og samkeppnishæfir hvatar á borð við endurgreiðslukerfið og uppbyggingu heils árs atvinnuvegar vega hér þyngst. Stefnan kallar eftir aðgerðum sem efla starfsumhverfi kvikmyndagerðar og gera henni kleift að laða til sín hæfileikaríkt starfsfólk. Mikilvægt er að greinin tileinki sér sjálfbær gildi, en undir það falla margvísleg markmið á borð við samfélagslega ábyrgð og að fjölskyldugildi og jafnréttissjónarmið séu í hávegum höfð. Liður í eflingu starfsumhverfis greinarinnar er að tryggja tækifæri listafólks á sviði kvikmyndagerðar til að sinna frumsköpun, líkt og gert er í öðrum listgreinum.

Stefnan leggur áherslu á að stjórnvöld og atvinnulíf séu samtaka á þessu sviði sem öðrum. Á Íslandi er rekið skilvirkt endurgreiðslukerfi, en þættir á borð við gengissveiflur, fjarlægð frá öðrum löndum, veðurfar og takmarkaða dagsbirtu vinna gegn samkeppnishæfni landsins. Takast þarf á við slíkar áskoranir með markvissum aðgerðum sem tryggja jákvæða þróun öflugrar atvinnugreinar. Slíkar aðgerðir verða meðal annars að byggjast á hagrænum rannsóknum, sem eru forsenda aukins skilnings á hlutverki kvikmyndagerðar á Íslandi.

„Ég meina, hver fer einn í bíó? Bara sorglegt fólk!“

(Pabbahelgar, 2019. Leikstjórn: Nanna Kristín Magnúsdóttir, Marteinn Þórsson. Handrit: Nanna Kristín Magnúsdóttir, Huldar Breiðfjörð, Sólveig Jónsdóttir)



Nanna Kristín Magnúsdóttir (Pabbahelgar, 2019).

## Aðgerð 6. Samkeppnishæft endurgreiðslukerfi og skattaívilnanir

### a. Samkeppnishæft endurgreiðslukerfi

Endurgreiðslukerfið á Íslandi þykir einfalt í notkun, skilvirkt og áreiðanlegt en það þarf einnig að vera samkeppnishæft. Kerfið er afar mikilvægt íslenskri kvikmyndaframleiðslu. Stefnt verði að því að varðveita kosti þess en jafnframt þróa það á þann veg að það standist alþjóðlega samkeppni á hverjum tíma. Skoðaðir verði hvatar eins og stighækkandi endurgreiðslur eftir fjölda verkþátta sem unnir eru hér á landi. Þannig mætti stuðla að frekari uppbyggingu kvikmyndaframa og laða að verkefni sem nálægir markaðir anna ekki. Nýta þarf komu alþjóðlegra kvikmyndagerðarmanna til að miðla þekkingu og hæfni til íslensks fagfólks og námsmanna. Tryggja þarf að á fjárlögum sé gert ráð fyrir fjárveitingu vegna endurgreiðslna. Koma þarf á verklagi þar sem fjárhæð er áætluð jafnóðum, sökum þess að erfitt er að vita með löngum fyrirvara hvaða verkefni muni koma til landsins. Lagt er til að skoðaðar verði útfærslur á breytingum tengdum endurgreiðslum, gengissveiflum, uppbyggingu heils árs tökustaðar og öðrum þáttum.

**Ábyrgð:** Starfshópur á vegum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis.

**Tímaáætlun:** Vorið 2021.



Ágústa Eva Erlendsdóttir og Ólafur Darri Ólafsson. Sveitabruðkaup (Valdís Óskarsdóttir, 2008).

### b. Skattaívilnanir sem nýtast kvikmyndagerð.

Lagt er til að komið verði upp fjölbreyttari hvötum og skattaívilnunum fyrir fyrirtæki og einstaklinga sem fjárfesta í kvikmyndaverkefnum. Einkafjárfesting er mikilvægur þáttur kvikmyndaframleiðslu og nauðsynlegt er að ýta undir hana. Lögð er áhersla á að fyrirhugað frumvarp um skattaívilnanir til stuðnings þriðja geira og menningarstarfsemi nái sem best að tryggja ívilnanir til kvikmyndagerðar. Samkvæmt núgildandi löggjöf geta lögaðilar og einstaklingar óskað eftir skattaívilnunum til móts við fjárfestingar við ákveðnar aðstæður.

**Ábyrgð:** Fjármála- og efnahagsráðuneyti, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Kvikmynda- miðstöð Íslands og fagfélög kvikmyndagerðar.

**Tímaáætlun:** Frumvarp lagt fram á haustþingi 2020.

## Aðgerð 7. Þróun kvikmyndaklasa.

Kvikmyndagerð felur í sér tækifæri til innri vaxtar gegnum samstarf fjölbreyttra fyrirtækja, en hún getur einnig skapað virðisauka í öðrum atvinnugreinum, ekki síst ferðaþjónustu. Styðja ber við þróun kvikmyndaklasans sem litið hefur dagsins ljós og telja má líklegt að muni efla verðmætasköpun og alþjóðlega samkeppnishæfni greinarinnar enn frekar.

**Ábyrgð:** Fyrirtæki, samtök og fagfélög í kvikmyndagerð, í samstarfi við hlutaðeigandi ráðuneyti og Kvikmyndamiðstöð Íslands.

**Tímaáætlun:** Vorið 2021.

## Aðgerð 8. Hagvísar og mælaborð

Lagt er til að þróaður verði upplýsingavefur – stafrænt mælaborð – fyrir kvikmyndagreinar sem varpi ljósi á tölfræði og hagvísar kvikmyndagerðar á hverjum tíma. Þar verði lykiltölur greinarinnar, svo sem velta, framleiðsla, tekjur, fjöldi fyrirtækja í greininni og útflutningur, birtar og uppfærðar með reglubundnum hætti. Tilgangurinn er að auka skilning á hagrænum áhrifum og arðsemi kvikmyndaíðnaðarins á Íslandi. Kostnaður felst í þróun og rekstri á vef/mælaborði.

**Ábyrgð:** Kvikmyndamiðstöð Íslands í samráði við Hagstofu Íslands og fagfélög kvikmyndagerðar.

**Tímaáætlun:** Fyrir lok árs 2021.

# „Á þetta að vera skemmtiferð eða ætlum við að taka konurnar með?“

(Karlakórinn Hekla, 1992. Handrit og leikstjórn: Guðný Halldórsdóttir)



Hilmir Snær Guðnason og Jóhann Sigurðarson. Síðasta veiðiferðin (Þorkell Harðarson, Örn Marinó Arnarson, 2020).

## Aðgerð 9. Sterkt og sveigjanlegt starfsumhverfi

### a. Fjölskylduvæn kvikmyndagerð

Stjórnvöld og atvinnugreinin taki höndum saman um markvissar og framsýnar aðgerðir sem stuðla að betra og fjölskylduvænna starfsumhverfi. Settur verði á fót starfshópur sem móti aðgerðir í samráði við hagaðila, m.a. með opnum fundum og ráðstefnum.

**Ábyrgð:** Kvikmyndamiðstöð Íslands og fagfélög í kvikmyndagerð.

**Tímaáætlun:** Árið 2021.

### b. Sjálfbær kvikmyndagerð styður við orðspor og samkeppnishæfni

Þessi aðgerð felur í sér að fyrirtæki geti undirritað yfirlýsingu um sjálfbæra þróun sem taki til umhverfisþróunar, félagslegrar þróunar og góðra stjórnarháttanna. Fyrirtæki geti skráð markmið og árangur í mælaborði kvikmyndagerðar á hverju ári. Þannig styður kvikmyndagerðin við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun og um leið markaðssetningu Íslands undir merkjum sjálfbærni. Lagt er til að komið verði á starfshópi sem þrói „Yfirlýsingu um sjálfbæra kvikmyndagerð“ sem verði leiðarljós fyrirtækja og stofnana á því sviði.

**Ábyrgð:** Fagfélög og fyrirtæki í kvikmyndagerð í samstarfi við Kvikmyndamiðstöð Íslands.

**Tímaáætlun:** Árið 2021.

### c. Starfslaun höfunda kvikmyndaverka

Lagt er til að komið verði á nýjum launasjóði kvikmyndahöfunda sem leikstjórum og handritshöfundum verði gert kleift að sækja um starfslaun úr líkt og tíðkast í öðrum listgreinum. Meta þarf hversu stór sjóðurinn á að vera en lagt er til að úthlutun nemi 70 mánuðum á ári til að byrja með. Til samanburðar nemur árleg úthlutun úr launasjóði hönnuða 50 mánuðum á ári og úr launasjóði sviðslistafólks 190 mánuðum. Stefna ber að því að þetta nái fram að ganga í frumvarpi um listamannalaun sem fyrirhugað er að leggja fram í þinginu á næsta ári.

**Ábyrgð:** Mennta- og menningarmálaráðuneyti.

**Tímaáætlun:** Árslok 2021.



Sólveig Arnarsdóttir. Ingaló (Ásdís Thoroddsen, 1992).



## Markmið IV. Þekkt alþjóðlegt vörumerki

Að kvikmyndagerð á Íslandi veki athygli fyrir listræn gæði og sterkar sögur þar sem íslenskur veruleiki endurspeglar hið sammannlega. Að vörumerkið byggji á þróun heils árs tökustaðar og markvissri alþjóðlegri kynningu.

Alþjóðleg samkeppni á sviði kvikmyndagerðar fer vaxandi og beita þarf nýjum aðferðum til að fanga athygli áhorfenda. Jafnframt hafa ný tækifæri opnast samfara frjálsara flæði efnis milli ólíkra mál- og menningarsvæða, þar sem allur heimurinn er orðinn eitt leiksvið og fólk er mun áhugasamara og móttækilegra en áður fyrir því að njóta kvikmynda og sjónvarpsefnis hvaðanæva úr heiminum, á hvaða tungumáli sem er. Orðspor Íslands sem kvikmyndalands er háð samspili nokkurra þátta sem hlúa þarf enn betur að á næstu árum. Listrænt frelsi og frumsköpun vandaðra og fjölbreyttra kvikmyndaverka er grunnurinn sem allt annað hvílir á. Slík sköpun hefur í sér fylgið ríkt samfélagsvirði og skapar jákvæða ímynd af Íslendingum sem kvikmyndapjóð. Að auki þarf að vinna með markvissari hætti að styrkingu íslenskrar kvikmyndagerðar á alþjóðlegum markaði. Meðal helstu þátta sem þar skipta máli eru:

- náttúrufegurð og fjölbreytilegt landslag,
- nálægð við helstu markaði,
- öflugir samkeppnishæfir innviðir og hvatar á sviði framleiðslu, dreifingar og markaðssetningar,
- áframhaldandi jákvæð þróun heils árs alþjóðlegs atvinnulífs kvikmyndagerðar og tökustaða á Íslandi,
- og síðast en ekki síst uppbygging sveigjanlegs og fjölskylduvæns starfsumhverfis með aukinni áherslu á sjálfbæra þróun og jafnrétti.


Grunnurinn að kynningu, dreifingu og sölu íslenskra kvikmyndaverka er lagður á alþjóðlegum kvikmyndahátíðum og viðburðum. Íslenskar kvikmyndir taka að jafnaði þátt í tvö til þrjú hundruð alþjóðlegum kvikmyndahátíðum á ári og vinna að jafnaði til allt að 70 alþjóðlegra verðlauna ár hvert.

Kvikmyndastefnan kallar eftir enn frekari aðgerðum í fjölbreyttu alþjóðlegu samstarfi, tengslamyndun og kynningu. Aukinn árangur mun byggja á markvissri sókn aðstandenda íslenskra kvikmyndaverka á markað og sveigjanlegum og samstilltum aðgerðum alls stuðningskerfis greinarinnar.

# Opinber framlög

KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSGREININ

KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSGREININ - M ISK




Verðlag hvers árs. Heimildir: Fjárlög 2014-2019, \*Kvikmyndamiðstöð

9.946 M ISK / 14.995 M ISK

Framlög til Kvikmyndasjóðs og endurgreiðslur 2014-2018 +51% Útflutningstekjur framleiðsluhluta greinarinnar 2014-2018 (ISAT 59)


Heimildir: Fjárlög 2014-2019, Kvikmyndamiðstöð og Hagstofa Íslands

FRAMLEIÐSLUHLUTI OG HLUTFALL ENDURGREIÐSLU AF VELTU



Verðlag hvers árs. Heimildir: Hagstofa Íslands og Kvikmyndamiðstöð

SKIPTING ENDURGREIÐSLU 2014-2019



Heimildir: Kvikmyndamiðstöð, yfirlit yfir endurgreiðslur eftir árum



„Ég get ekki verið hérna lengur. Ég er að kafna.“

(Agnes Joy, 2019. Leikstjórn: Silja Hauksdóttir. Handrit: Silja Hauksdóttir, Rannveig Jónsdóttir, Jóhanna Friðrika Sæmundsdóttir)

## Aðgerð 10. Markviss alþjóðleg kynning byggir á sagnahefð, sjálfbærri kvikmyndagerð og heils árs tókustað

### a. Markviss alþjóðlegt kynningarstarf

Efla þarf enn frekar kynningu á íslenski kvikmynda- og sjónvarpsþáttaframleiðslu á virtum erlendum hátíðum og viðburðum. Áhersla verði á frekari uppbyggingu alþjóðlegs tengslanets sem er gullt ígildi fyrir íslenskt kvikmyndagerðarfólk. Efla þarf stuðning og hækka kynningar- og ferðastyrki úr Kvikmyndasjóði fyrir kvikmyndaverk sem fengið hefur boð um þátttöku á viðurkenndri hátíð eða viðburði. Hér er byggt á raunhæfu mati á brýnni þörf sem Kvikmyndasjóður hefur ekki getað staðið undir. Ráðherrar og ríkisstjórn hafa lagt umtalsvert fé í kynningu á einstökum kvikmyndaverkefnum en með þessari aðgerð er markmiðið að draga verulega úr þörfinni á sérstökum framlögum af því tagi.

**Ábyrgð:** Kvikmyndamiðstöð Íslands í samstarfi við Íslandsstofu, utanríkisþjónustuna og atvinnugreinina.

**Tímaáætlun:** Vorið 2021.

### b. Þróun kynningar á heils árs tókustaðnum byggir á sjálfbærni

Stefnt er að áframhaldandi kynningu á Íslandi sem heils árs tókustað á vegum Film in Iceland og annarra samstarfsaðila. Liður í því að byggja upp vörumerkið er að aðstæður og innviðir standist væntingar erlendra framleiðenda og geri þeim kleift að starfa hér allt árið um kring. Stefna ber að markvissri þróun kvikmyndagerðar sem byggir á góðum gildum sjálfbærni, samfélagslegrar ábyrgðar og jafnréttis. Markaðssetning kvikmyndagerðar þarf að falla að og styðja við langtímastefnu um markaðssetningu Íslands sem Íslandsstofa og samstarfsaðilar hennar sinna, þar sem meðal annars er lögð áhersla á að kynna Ísland sem land hugvits, sjálfbærni, menningar og skapandi greina.

**Ábyrgð:** Film in Iceland / Íslandsstofa í samstarfi við Kvikmyndamiðstöð Íslands, atvinnugreinina og utanríkisþjónustuna.

**Tímaáætlun:** Frá janúar 2021.



Copyright: David James (photographer), Universal Pictures, Truenorth. Heiða Rún Sigurðardóttir. Stella Blómkvist, 2018.

„To the girls, to the women, to the mothers, to the daughters who hear the music bubbling within – please speak up. We need to hear your voices.“

Hildur Guðnadóttir við afhendingu Óskarsverðlauna sinna fyrir tónlistina í Joker (Todd Phillips, 2019).



Björk Guðmundsdóttir tekur við verðlaunum fyrir hlutverk sitt í Dancer in the Dark (Cannes, 2000).

---

# „Er þetta partur af programmet líka?“

(Stella í orlofi, 1986. Leikstjórn: Þórhildur Þorleifsdóttir. Handrit: Guðný Halldórsdóttir)



Erna Kanema. Söngur Kanemu (Anna Þóra Steinþórsdóttir, 2018).

---

# „How do you like Iceland? – Very strange country.“

(Cold Fever, 1995. Leikstjórn: Friðrik Þór Friðriksson. Handrit: Jim Stark,  
Friðrik Þór Friðriksson)



Keli. Sólskinsdregurinn (Friðrik Þór Friðriksson, 2009).

---

# „Ísland er nú bara einhver hrákaslemma hérna“

(Nói Albinói, 2003. Handrit og leikstjórn: Dagur Kári)

Kvikmyndastefna til ársins 2030  
Útgefandi: Mennta- og menningarmálaráðuneyti  
Hönnun: Phoebe Jenkins og Carla Theurer  
Ljósmyndir eru birtar með góðfúslegu leyfi rétthafa